


Theodore Parker.

Theodore Parker var fæddur 24. ágúst í Lexington í Massachusetts ríkinu árið 1818. Fæðingarbær hans er þorp eitt lítið skammt vestur af Boston, og er aðallega frægt fyrir að vera sá staður, sem frelsisstríð Bandaríkjanna hófst frá 1775.



THEODORE PARKER

Parker var kominn af einni elztu og kynsælustu ættinni þar í landi; langfaðir hans hafði flutzt þangað árið 1635. Þar bjuggu þeir Parker-arnir mann fram af manni, og áttu jafnan góðan þátt í öllum þeim málum, er nýlendumönnum stóð heill og hagar af. Margir höfðu þeir verið hermenn og nokkrir hershöfðingjar. Þannig voru tveir afabræður Parkers í franska stríðinu (1754—'63), er Englendingar og Frakkar háðu um yfirráð Canada. Og afi Parkers, Jón Parker, var sá, er stýrði bændaflokknum, er háði fyrstu orustuna í frelsisstríðinu; og eftir honum eru orðin höfð, er síðar urðu fræg, „Fyrst það á að kosta stríð, þá látum það byrja hér.“

Theodore Parker var yngstur ellefu systkina, hið elzta var 25 ára, er hann fæddist, og hið yngsta 5 vetra. Foreldrar hans voru mjög fátæk, og ólst hann upp hjá þeim, þar til hann var nærri fullorðinn. Sökum þess að hann var yngsta barnið og var svo lengi í heimahúsum, varð hann estirlæti þeirra; enda minntist hann þess oft á sínum seinni árum, hversu þau hefði verið sér ástrík og góð. Í ræðu, er hann flutti 1844, segir hann: „Þaðan eru mörgum manni hans beztu fræði komin, er hún, sem nú er gengin til hvíldar, lagði hendur sínar í höfuð honum og blessaði yfir hann og vakti hjá honum meðvitundina um guð, um réttlætið og samvizzkuna, og beindi huga hans til hæða.“ Móðir hans var mjög trúrík kona og samvizzkusöm. Hið púrítaníska lyndiseinkenni var mjög sterkt hjá henni. Aftur á móti var faðir